Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd
Sendandi: Vestmannaeyjabær
Mál nr.: 88

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um sjávarflóðavarnir, ofanflóðavarnir og náttúruvá

Vestmannaeyjabær styður framkomna tillögu og fagnar því að til standi að endurskoða lagalega umgjörð áhættumats, áætlanagerðar og fjármögnunar vegna sjávarflóða og annarrar náttúruvár.

Vestmannaeyjar eru eyjasamfélag þar sem byggð, hafnarsvæði, samgöngur og aðrir mikilvægir innviðir eru eðli máls samkvæmt í mikilli nálægð við sjó. Fyrir sveitarfélagið skiptir því miklu að skýr umgjörð sé um mat á hættu vegna sjávarflóða og þær aðgerðir sem grípa þarf til. Breytingar á loftslagi og fyrirséðar breytingar á sjávarstöðu kalla jafnframt á að horft sé til lengri tíma, áhætta metin með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum og gripið til fyrirbyggjandi aðgerða.

Vestmannaeyjabær telur rétt að skoðað verði hvort nýta megi það fyrirkomulag sem þegar er til staðar vegna ofanflóða, þar sem áhættumat, áætlanagerð, forgangsröðun framkvæmda og fjármögnun varnaraðgerða fara saman. Sambærilegt fyrirkomulag vegna sjávarflóða gæti stuðlað að markvissari ákvörðunum og auknu jafnræði milli sveitarfélaga sem búa við mismunandi náttúruvá.

Þá skiptir miklu að fjármögnun fyrirbyggjandi aðgerða sé fyrirsjáanleg. Varnir gegn sjávarflóðum geta verið umfangsmiklar og kostnaðarsamar og snerta öryggi byggðar og mikilvægra innviða. Að mati Vestmannaeyjabæjar ætti fjárhagsleg staða einstakra sveitarfélaga ekki að ráða því hvort unnt sé að ráðast í nauðsynlegar varnir. Við forgangsröðun og fjármögnun ætti fyrst og fremst að líta til áhættu, mögulegra afleiðinga og þeirra verðmæta og innviða sem verja þarf.

Vestmannaeyjabær styður því að kannað verði hvort starfssvið Ofanflóðasjóðs verði víkkað þannig að það nái einnig til sjávarflóða eða komið verði á öðru sambærilegu fyrirkomulagi. Um leið er mikilvægt að ábyrgð ríkis og sveitarfélaga sé skýr og að áhættumat, forvarnir, áætlanagerð og fjármögnun varnaraðgerða tengist með skýrum hætti.

F.h. Vestmannaeyjabæjar

Drífa Gunnarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs